

## Minnisblað frá Fjórðungssambandi Vestfjarða

18. febrúar 2009

### 2. áfangi rammaáætlunar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma

1. Af hálfu Fjórðungssambands Vestfirðinga mætir stjórn og framkvæmdastjóri á fund Verkefnastjórnar 2. áfanga rammaáætlunar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma þann ~~23. febrúar~~ <sup>20. mars</sup>:

Anna Guðrún Edvardsdóttir, Bolungarvík, formaður  
~~Ari Haflidason, Tálknafirði (\*~~  
~~Birna Járusdóttir, Ísafirði~~  
~~Sigurður Pétursson, Ísafirði~~  
~~Valdemar Guðmundsson, Hólmavík~~  
~~Aðalsteinn Óskarsson, Ísfirði, framkvæmdastjóri~~  
~~(\* verður í síma, hef gert ráðstafanir með það)~~

2. Áherslur Fjórðungssambands Vestfirðinga eru í grunninn vinna sveitarstjórnar að bættu umhverfi atvinnulífs og samfélaga á Vestfjörðum og vinna að nýjungum /nýsköpun í atvinnumálum;

að fylgja eftir við stjórnvöld að afhendingaröryggi á raforku á Vestfjörðum sé með sambærilegum hætti í og öðrum landshlutum. Dæmi; sjá meðfylgjandi ályktun frá fundi stjórnar 14. janúar s.l., auk þess má vísa til fjölda ályktana og funda í gegnum tíðina.

að greina möguleika í uppbyggingu stóriðnaðar á Vestfjörðum og kynna þá möguleika fyrir fjárfestum. Dæmi; staðarvalsverkefni í Arnarfirði og Dýrafirði sjá [www.fjordungssamband.is](http://www.fjordungssamband.is) Nú er stefnt að kynningu á þessum gögnum í samstarfi við aðila í héraði og á landsvísu. Sjá stutta kynningu í viðhengi.

að fylgja eftir að möguleikar á aukinni raforkuframleiðslu á Vestfjörðum séu í sífeldri endurskoðun og vinna að nýjungum á því sviði. Dæmi; sjá meðfylgjandi ályktun frá fundi 14. janúar s.l., Fjórðungssambandið hefur einnig gerst aðili að Evrópsku netsamstarfi um sjálfbæra orkuframleiðslu, RenRen. Þetta netsamstarf starfar á héraðavísu og vann á síðasta hausti viðamikla umsókn inní Interreg IVC verkefnaáætlunina. Sjá stutta kynningu í viðhengi

Fjórðungssamband Vestfirðinga

Aðalsteinn Óskarsson

## Minnisblað Fjórðungssambands Vestfirðinga til starfshóps um 2. áfanga rammaáætlunar um nýtingu vatnsafls og jarðhita.

Á árinu 2007 var Fjórðungssamband Vestfirðinga í forsvari fyrir öflun gagna og gerð skýrslu um mat á staðarvalspáttum fyrir stóriðnað í Dýrafirði og Armarfirði. Verkefninu var hrint af stað samkvæmt samþykkt fundar sveitarfélaga á Vestfjörðum þann 22. maí sama ár. Fundurinn var haldinn í framhaldi af tilvísun til vestfírska sveitarfélaga, sem kom fram í skýrslu nefndar Forsætisráðuneytis um atvinnumál á Vestfjörðum, en skýrslan kom út í apríl sama ár. Í þessari tilvísun er vísað til erindis sem kynnt var nefndinni og varðaði hugmynd um uppbyggingu olíuhreinsistöðvar á Vestfjörðum. Í stuttu máli var niðurstaða þessa verkefnis;

- landfræðilega forsendur eru fyrir uppbyggingu hafnsækins stóriðnaðar í Hvestudal í Armarfirði og á Söndum / Hólum í Dýrafirði.
- ekki er um sértæk atriði í umhverfinu sem koma í veg fyrir uppbyggingu á tilgreindum lóðum. Umhverfismat mun hinsvegar endanlega skera úr um hvers eðlis slík starfsemi geti orðið.
- grunngerð sveitarfélaganna í Vestur Barð og Ísafjarðarsýslum geti með auðveldum hætti tekið við 15 - 20 % fjölgun íbúa (1000-1500 manns). Þetta mat er sett fram að gefinni þeirri forsendu að heilsársamgöngur verði á milli þessara tveggja svæða.

Skýrslur og önnur gögn voru lögð fram í desember 2007 með skriflegu erindi til Forsætisráðuneytis, Iðnaðarráðuneytis og Samgönguráðuneytis, efni þeirra er einnig að finna á heimsíðu FV, [www.fjordungssamband.is](http://www.fjordungssamband.is). Fjórðungssamband Vestfirðinga stóð einnig fyrir kynningu á efni skýrslnanna með málþingi undir yfirskriftinni *Hugmyndir um stóriðnað á Vestfjörðum*. Málþinginu var skipt upp í þrjá hluta; Umhverfismál, ný atvinnutækifæri og samfélagsmál. Fyrirlestra og hljóðupptöku af málþinginu er að finna á heimasíðu sambandsins.

Gögn um staðarval hafa því frá upphafi árs 2008, legið frammi hverjum þeim sem vill taka þau til skoðunar. Hagnýting þeirra er síðan möguleg gegn nánari samkomulagi við Fjórðungssambandið. Eitt félag, Íslenskur Hátkniiðnaður hefur samið um afnot af gögnum er varða lóð í Hvestudal í Armarfirði, vegna fyrirætlana félagsins og samstarfsaðila um uppbyggingu olíuhreinsunarstöðvar. Samningur er tímabundinn eða til ársloka 2010, verði ekki af áformum fyrir þann tíma eru gögnin að nýju laus til afnota.

Ætlun Fjórðungssambands Vestfirðinga var aldrei að ekki láta hér við sitja, með framangreint verkefni Íslensk hátkniiðnaðar. Sambandið leit svo á að hér væri komið tækifæri til að taka ákveðin áfanga varðandi atvinnumál á Vestfjörðum. Áhugi er fyrir hendi hjá öðrum aðilum innan Vestfjarða varðandi verkefnið er varða kynningu fjárfestingarkosta á Vestfjörðum. Fjórðungssamband Vestfirðinga hefur einnig nýtt sér fyrilliggjandi gögn til að skoða ný verkefni m.a. hið evrópska RenRen netsamstarf. Sjá viðauka A og B.

Ísafirði 18. febrúar 2009